

Numicon - bara gaman

Numicon er hannað til að hjálpa börnum að skilja tölur og stærðir. Unnið er með þá 3 þætti sem auðvelda börnum námið – sem eru:

1. lærdómur í leik
2. áþreifanleg eða sýnileg viðfangsefni
3. sjónrænir þættir eins og mynstur og fyrirmyndir

Numicon er samið með það í huga ...

... að börn geti meðhöndlað, rannsakað, tekið eftir og kannað fyrirmyndir/mynstur

... að bjóða upp á markvissa leið til að sjá hvernig 'næsta' tala er 'einum meira' en sú síðasta.

... að börn læri að sjá tölur sem hreinar heildir

... að hjálpa börnum að "sjá" magn og koma því fyrir í kerfisbundin og þekkjanleg mynstur

... að sjá tengslin milli talna, með því að meðhöndla og búa til tengsl milli tákna.

Með notkun Numicon gefst tækifæri til að sjá hvernig barnið hugsar og það gerir það svo auðvelt að hvetja og hrósa eða leiðbeina, eftir aðstæðum.

Numicon auðveldar skilning m.a. á samlagningu, frádrætti, marföldun og deilingu. Auk þess er gott að vinna með brot og algebru.

Við í stofu 61 brutum upp hefðbundið starf með Numicon, bökuðum og máluðum piparkökur úr mótunum



